

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá rafmagnsveitunnar, er taki þegar gildi:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 47, 17. janúar 1991:

Síðasta málsgr. liðar B1 í 2. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:

„Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxa, þó ekki sé um neina vélanotkun að ræða.“

Iðnaðarráðuneytið, 4. mars 1991.

F. h. r.

Halldór J. Kristjánsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá hitaveitunnar er taki þegar gildi:

Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 37, 22. janúar 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 2,5%

Iðnaðarráðuneytið, 4. mars 1991.

F. h. r.

Halldór J. Kristjánsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING**um umferð á Akranesi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu umferðar-nefndar Akraness hefur verið ákveðið:

1. að bifreiðastöður við sunnarverða Kirkjubraut, frá bílastæðum við Kirkjubraut 40, að gatnamótum Háholts, verði bannaðar.
2. að biðskyldu á gatnamótum Kirkjubrautar/Kalmansbrautar og Stillholts verð breytt þannig að biðskylda verði sett á Stillholt gagnvart Kalmansbraut/Kirkjubraut.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 1. mars 1991.

Jón Vilberg Guðjónsson.